

69
 14. ágúst ríkssonar og Guðlaugar M. Jónsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherranum, 14. ágúst 1922. Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

um styrktarsjóð Jónasar Eiríkssonar og Guðlaugar M. Jónsdóttur.

1. gr.

Stofnfje sjóðsins er heiðursgjöf, sem Jónasi Eiríkssyni, fyrrum búnaðarskólalastjóra á Eiðum, var gefin 26. júní 1921, í því markmiði, að hún hjeldi uppi minningu hans og konu hans, Guðlaugar M. Jónsdóttur, en hann gaf aftur alþýðuskólanum á Eiðum, til styrktar nemendum þar. Sjóðurinn er að upphæð 2209.12 kr.

2. gr.

Sjóðinn skal setja á vöxtu í Söfnunarsjóð Íslands eða annan sjóð jafn tryggan. Skal árlega leggja við höfuðstólinn fjórðung ársvaxtanna, en þrem fjórðungunum skal verja til að styrkja fátæka, efnilega nemendur skólans.

3. gr.

Skólalastjóri hefir á hendi reikningshald sjóðsins. En hverjum styrkur er veittur hvert ár og hve mikill, ákveður kennarafundur, og skulu nemendur skólans eiga rjett á að kjósa tvo nemendur, sinn úr hvorri deild, sem eigi til-lögurjett og atkvæðisrjett á þeim fundi.

4. gr.

Reikning sjóðsins skal prenta árlega í skólaskýrslunni.

5. gr.

Verði alþýðuskólinn á Eiðum lagður niður, haldi sjóðurinn áfram að vera eign þess skóla, er kynni að koma í hans stað, yrði ekki um slíkan skóla að ræða, þá skal yfirstjórn fræðslumála ráðstafa sjóðnum þannig, að hann styðji á einhvern hátt andlega menningu á Austurlandi.

6. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Eiðum, 3. júlí 1922.

Ásmundur Guðmundsson. Guðgeir Jóhannsson. Benedikt Blöndal.